

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR

2012 - 2024

9. SEPTEMBER 2013



Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar

© Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar 2013

© Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. 2013

Ljósmynd:

© Árni Ólafsson

Afritun einstakra hluta úr greinargerð þessari er leyfileg, enda sé þá getið heimildar. Afritun heilla kafla eða greinargerðarinnar í heild, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, er þó aðeins heimil að fengnu skriflegu leyfi réttshafa.

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

EFNISYFIRLIT

1	Formáli	5
1.1	Aðdragandi	5
1.2	Vinna nefndarinnar frá haustdögum 2008 til vors 2010	6
1.3	Ný nefndarskipan vorið 2010 og viðfangsefni til miðs árs 2011	6
1.4	Lokaáfangi	7
2	Yfirlit	9
2.1	Skipulagssvæði	9
2.2	Skipulagsvinnan	10
2.3	Helstu forsendur	10
2.4	Viðfangsefni svæðisskipulagsins	10
2.5	Umhverfismat áætlunarinnar	11
2.6	Framfylgd skipulagsins	11
3	Stefna	13
3.1	Leiðarljós	13
3.2	Byggðapróun og byggðamynstur	13
3.3	Landnotkun	14
3.3.1	Landbúnaður	14
3.3.2	Iðnaðarsvæði	14
3.3.3	Efnistökusvæði	15
3.4	Samgöngu- og þjónustukerfi	17
3.4.1	Vegakerfi	17
3.4.2	Hafnir	17
3.4.3	Flugmál	18
3.4.4	Flutningsleiðir raforku	18
3.4.5	Meðhöndlun úrgangs	18
3.5	Takmörkun á landnotkun	21
3.5.1	Vatnsverndarsvæði	21
3.5.2	Strandsvæði Eyjafjarðar, flokkun vatns	21
4	Samantekt umhverfisskýrslu	23
5	Skipulagsferli	26
5.1	Yfirlit	26
5.2	Kynning og auglýsing	26
5.3	Athugasemdir og afgreiðsla	27
5.4	Samantekt sbr. 9. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana	27
5.5	Afgreiðsla og staðfesting	29
5.5.1	Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar	29
5.5.2	Samþykkt sveitarstjórna	29
5.5.3	Staðfesting	30

1 FORMÁLI

1.1 AÐDRAGANDI

Upphafið að gerð svæðisskipulags fyrir Eyjafjarðarsvæðið má rekja til ársins 1981. Þá var skipuð nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi fyrir Akureyri og nágrenni. Ári síðar var verkefnið útvíkkað og samvinnunefnd um gerð svæðisskipulagsins skipuð. Eiginleg vinna við skipulagið hófst þó ekki fyrr en í apríl 1984. Tillaga að svæðisskipulagi lá fyrir í árslok 1986 og stóðu 14 sveitarfélög að gerð hennar af þeim 17 sem þá voru við Eyjafjörð. Tillagan var samþykkt af sveitarstjórnarmönnum 11 sveitarfélaga og fulltrúum samvinnunefndarinnar í júní 1990. Svæðisskipulagstillagan var aldrei staðfest.

Á fundi Héraðsnefndar Eyjafjarðar í júní 1996 var samþykkt að fara þess á leit við Skipulag ríkisins að hafin yrði vinna við gerð nýs svæðisskipulags fyrir Eyjafjörð. Var það samþykkt og hófst vinna við gerð þess í byrjun árs 1997 og lauk henni með staðfestingu ráðherra á „**Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998–2018**“ árið 2002. Öll sveitarfélög við Eyjafjörð, en þau voru 11 að loknum sveitarstjórnarkosningum 2002, áttu aðild að skipulaginu og Hálshreppur í Fnjóskadal að auki. Hálshreppur, sem er nú hluti Þingeyjarsveitar, er ekki aðili að svæðisskipulaginu. Hriseyjarhreppur og Grímseyjarhreppur hafa sameinast Akureyrarbæ.

Með bréfi Héraðsnefndar Eyjafjarðar, sem dagsett var hinn 24. ágúst 2006 og sent öllum þeim sveitarfélögum sem aðild áttu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998–2018 var vakin athygli á þeirri skyldu sveitarstjórna að meta að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, sbr. 12. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hvort þörf væri á endurskoðun svæðisskipulags. Viðkomandi sveitarstjórnir töldu flestar svo vera og hinn 18. okt. 2006 var þess farið á leit við sveitarstjórnirnar að þær skipuðu hver sína tvo fulltrúa í samvinnunefnd um Svæðisskipulag Eyjafjarðar samanber 4. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Fyrsti fundur nýskipaðrar samvinnunefndar var haldinn 11. desember 2006. Niðurstaða fundarins var að eðlilegast væri að fella þáverandi svæðisskipulag úr gildi og vinna síðan að gerð nýs svæðisskipulags með verulega breyttum áherslum frá því eldra. Áður en sú vinna gæti hafist þurfti umhverfisráðherra að setja nefndinni verklagsreglur samkvæmt 4. mgr. 12. gr. þágildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Þær reglur voru gefnar út 26. mars 2007. Tillaga að niðurfellingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998–2018 var auglýst í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga og undirrituð af fulltrúum í samvinnunefndinni á fundi hennar 16. júlí 2007 að loknum athugasemdafresti. Engar athugasemdir bárust við tillöguna. Tilkynning, dags. 27. ágúst 2007, um staðfestingu umhverfisráðherra á niðurfellingartillögunni barst aðildarsveitarfélögunum í lok ágúst 2007.

Helsti rökstuðningur nefndarinnar fyrir að nema úr gildi Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998–2018 var samkvæmt niðurfellingarskjalinu þessi:

„Þegar svæðisskipulagið var unnið var aðalskipulag ekki til fyrir flest þau sveitarfélög sem aðild áttu að því, eða náði aðeins yfir afmarkaðan hluta viðkomandi sveitarfélags. Nú er unnið að gerð nýs aðalskipulags í mörgum sveitarfélaganna eða sú vinna er að hefjast.

Í þeirri vinnu hefur komið í ljós að sveitarstjórnnum þykir gildandi svæðisskipulag íþyngjandi og hamlandi við mótun sjálfstæðrar stefnu í skipulagsmálum fyrir hvert einstakt sveitarfélag, ekki síst þegar kemur að landnotkun.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að niðurfelling á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998 – 2018 í heild sinni, muni auðvelda þá aðalskipulagsvinnu sem nú stendur yfir í mörgum sveitarfélaganna.“¹

¹ Niðurfellingarskjal Svæðisskipulags Eyjafjarðar 1998-2018.

Samvinnunefndin ákvað í samræmi við vilja viðkomandi sveitarstjórna að hefja gerð nýs svæðisskipulags sem tæki til færri, afmarkaðri og betur skilgreindra þátta en gert var í því skipulagi, sem fellt var úr gildi. Í fyrstu var gert ráð fyrir að í nýju svæðisskipulagi yrðu eftirtaldir efnisþættir teknir til umfjöllunar en samvinnunefndinni var heimilt að bæta við eða fækka þeim á vinnslutíma tillögunnar:

- a. „Óbyggt land ofan 250 metra hæðarlínu yfir sjó með tilteknum undantekningum um mannvirki.
- b. Samgöngumál, þar sem höfuðáhersla verður lögð á stofnvegi innan svæðisins, jarðgöng og önnur stærri mannvirki.
- c. Stóriðjusvæði með tilheyrandi umferðarmannvirkjum og línulögnum.
- d. Námur sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.
- e. Staðsetningu svæðis vegna jarðgerðar, endurvinnslu og förgunar á sorpi.“

Samvinnunefndin hélt þrjá fundi í aðdraganda niðurfellingarinnar, þann síðasta í júlí 2007. Eiginleg vinna við gerð nýs svæðisskipulags hófst þó í raun ekki fyrr en ári síðar eða í september 2008. Einn fundur var þó haldinn í millitíðinni.

1.2 VINNA NEFNDARINNAR FRÁ HAUSTDÖGUM 2008 TIL VORS 2010

Á fyrstu fundum nefndarinnar síðla árs 2008 og fram eftir árinu 2009 var fyrst og fremst rætt um efnisþætti væntanlegs skipulags og hversu ítarlega skyldi um þá fjalla, hvort bæta ætti við nýjum efnisþáttum umfram þá sem tilgreindir voru í niðurfellingarskjalinu eða jafnvel fækka þeim. Eftir því sem umræðu innan nefndarinnar vatt fram var ljóst að nokkrar efasemdir höfðu vaknað meðal sumra nefndarmanna um nauðsyn eða hagnýtt gildi svæðisskipulagsins. Um þetta var augljóslega ágreiningur eða a.m.k. meinungarmunur. Jafnframt um það hvaða efnisflokkar ætti að hafa innan skipulagsins og hve ítarlega ætti um þá að fjalla. Á fundi nefndarinnar í mars 2010 eru þessi álitamál enn til umfjöllunar. Aðallega var togast á um það hvort stefna eða ákvæði um byggðaðróun og landnýtingu ættu heima í svæðisskipulagi en einnig um það hvort í raun væri um að ræða sameiginlega hagsmuni byggðarlaga sem voru ólík s.s. útgerðarbær út með firðinum annars vegar og landbúnaðarsvæði í innsveitum hins vegar. Ólík sjónarmið voru einnig uppi um afstöðu til úrgangsméðhöndlunar og efnisnáms.

Þessi umræða átti vissulega fullan rétt á sér til að skýra og ákvarða efnistöð og efnisflokkar og var nauðsynleg. Það er ekki rúm hér til að rekja hana frekar. Niðurstaðan kristallast hins vegar í skipulagsáætluninni, efnisflokkum hennar og framsetningu þar sem leitast er við að skýra megináherslur í hverjum málaflokki með tiltölulega knöppum en skýrum texta án þröngrar afmörkunar á kortum eða uppdráttum. Með það í huga ber að líta á áætlunina sem leiðarljós í þeim efnisflokkum sem teknir eru til umfjöllunar.

1.3 NÝ NEFNDARSKIPAN VORIÐ 2010 OG VIÐFANGSEFNI TIL MIÐS ÁRS 2011

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga vorið 2010 fækkaði fulltrúum í nefndinni úr 16 í 14 við sameiningu Hörgárbyggðar og Arnarnesshrepps í Hörgársveit. Nýir fulltrúar voru 9 en 5 héldu áfram úr fyrri nefnd. Með komu nýrra fulltrúa inn í nefndina reyndist nauðsynlegt að fara nokkuð til baka og kynna þá umræðu sem fram hafði farið, skýra forsendur og rökræða efnisþætti frekar. Þetta hafði eðlilega í för með sér upprifjun og endurtekna umræðu um margt sem áður hafði verið að mestu til lykta leitt. Um leið fór fram ítarlegri umræða og ný sjónarmið komu fram sem vissulega fylltu upp í fyrri umfjöllun og víkkuðu hana enn frekar. Hins vegar má segja og það með nokkrum rétti að vinna nefndarinnar hafi að nokkru leyti færst aftur til upphafsins vegna þessa. Það hafði svo vissulega í för með sér verulega seinkun frá fyrri áætlunum um verklok sem reyndar höfðu ekki alltaf staðist sem skyldi.

Á þessum tíma bættust svo við nokkrir efnisflokkar eins og sjá má í kafla 2.4.

Ný skipulagslög nr. 123/2010 tóku gildi 1. janúar 2011. Við það breyttist nafn samvinnunefndarinnar í svæðisskipulagsnefnd. Um mitt ár 2011 taldi nefndin sig komna

Það langt á veg að í lok ársins gætu legið fyrir til kynningar drög að endanlegri skipulagstillögu ásamt fylgiskjölum. Lagabreytingin hafði hins vegar afgerandi áhrif á þá áætlun. Nefndin hafði staðið í þeirri góðu trú að ákvæði eldri laga giltu um framvindu verksins þar sem vinna við það var hafin löngu fyrir gildistöku nýrra laga og matslýsing hafði verið send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum. Nefndin taldi sig því ekki bundna af eftirfarandi ákvæði í 23. gr. nýju laganna sem hljóðar svo:

„Þegar vinna við gerð svæðisskipulagstillögu hefst skal svæðisskipulagsnefnd taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirbyggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttáð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi og leita samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélaga. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga.“

Þegar á reyndi var Skipulagsstofnun ekki sammála þeirri túlkun og því var ekki um annað að ræða en uppfylla framangreind formsatriði áður en lengra yrði haldið.

1.4 LOKAÁFANGI

Strax að fenginni fyrrgreindri niðurstöðu hófst vinna við lýsingu á verkefninu og kynningu hennar í samræmi við ákvæði 23. greinar skipulagslaganna. Lýsingin var send aðildarsveitarfélögunum, nágrannasveitarfélögunum og umsagnaraðilum í byrjun október 2011 og samtímis auglýst almenningi til athugasemda. Að loknum umsagnar og athugasemdafresti reyndist nauðsynlegt að senda endurskoðaða lýsingu aftur til samþykktar hjá sveitarfélögum í febrúar 2012. Endanleg niðurstaða þessa ferlis var fyrirbyggjandi í júlí sama ár og hófst þá hinn eiginlegi lokafrágangur verksins. Í lok árs 2012 samþykkti svæðisskipulagsnefndin skipulagstillögu til kynningar almenningi samanber 2. mgr. 23. greinar skipulagslaganna og fór sú kynning fram í janúar 2013. Jákvað afstaða aðildarsveitarfélaganna og Skipulagsstofnunar til skipulagstillögunnar lá fyrir í maí 2013 Tillaga að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012–2024 var svo auglýst í júní 2013 með athugasemdafresti til 23. ágúst sama ár. Vegna minniháttar galla á birtingu skipulagsgagna á vefsíðum nokkurra sveitarfélaga var athugasemdafresturinn framlengdur til 30. ágúst. Á fundi svæðisskipulagsnefndarinnar 9. september 2013 afgreiddi nefndin þær athugasemdir, sem borist höfðu, og gekk frá endanlegri tillögu, sem send var hlutaðeigandi sveitarfélögum til samþykktar. Að fengnu samþykki allra sveitarstjórna ákvað svæðisskipulagsnefnd þann 25. nóvember 2013 að senda svæðisskipulagstillöguna til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu og staðfestingar.

Vinna við gerð Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012–2024 hefur tekið alllangan tíma, hugsanlega lengri en góðu hófu gegnir að einhverra mati. Í því samhengi er bent á að eftir að eldra svæðisskipulag hafði verið numið úr gildi í ágúst 2007 hófst hin eiginlega vinna við gerð nýs ekki fyrr en ári síðar eða í september 2008. Eftir það má segja að vinnan hafi fylgt eðlilegri framvindu burtséð frá mismunandi túlkun á áhrifum nýrra laga á framvindu skipulagsvinnunnar samanber tilvitnun í kafla 1.3 hér að framan. Niðurstaða í því máli seinkaði óneitanlega verkinu um 4–6 mánuði.

Þótt það verk sem hér er til umræðu hafi staðið yfir í fleiri ár er það skoðun svæðisskipulagsnefndarinnar að það hafi ekki komið í veg fyrir að aðildarsveitarfélögin gætu tekið nauðsynlegar ákvarðanir hvað varðar þeirra eigin skipulagsáætlanir. Mestu máli skiptir að sú afurð sem nú liggur fyrir, Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012–2024, gagnist sveitarfélögunum sem ákveðið leiðarljós og stjórnþæki þegar taka þarf ákvarðanir í málaflökkum þar sem sameiginlegir hagsmunir mætast. Með samþykki skipulagstillögunnar hafa þau viðurkennt þessa sameiginlegu hagsmuni og þar af leiðandi þá meginstefnu sem í texta tillögunnar er fólgin. Enda eru þau sveitarfélög sem aðild eiga að svæðisskipulaginu bundin stefnu þess við gerð aðalskipulags samanber 7. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðisskipulagsnefndin hefur svo það hlutverk að fylgjast með að ákvarðanir einstakra sveitarfélaga í skipulagsmálum falli að markmiðum svæðisskipulagsins sbr. skipulagsreglugerð nr. 090/2013, gr. 2.6.

Svæðisskipulagsnefndin hefur til þessa haldið alls 35 fundi. Skipulagsráðgjafi allan þann tíma sem skipulagsvinnan hefur staðið yfir var Árni Ólafsson, arkitekt. Honum eru færðar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og vel unnið verk. Guðrún Halla Gunnarsdóttir fulltrúi hjá Skipulagsstofnun fær sömuleiðis bestu þakkir, en hún var nefndinni til ráðgjafar á fyrri hluta verktímans. Aðrir þeir fjölmörgu aðilar, sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt hönd á plóg, eiga sömuleiðis þakkir skildar. Þá vill undirritaður, sem formaður nefndarinnar allt frá upphafi, þakka samnefndarmönnum sínum gott samstarf og þolinmæði þegar hennar hefur verið þörf.

Eyjafjarðarsveit 27. nóvember 2013

F.h. Svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar

Bjarni Kristjánsson

formaður

2 YFIRLIT

2.1 SKIPULAGSSVÆÐI

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 nær til allra sveitarfélaganna við Eyjafjörð. Suðurmörk skipulagssvæðisins eru við mörk svæðisskipulags miðhálandisins en hluti Eyjafjarðarsveitar er innan marka þess. Heildarflatarmál skipulagssvæðisins er um 3.450 km². Eftirtalin sveitarfélög eru aðilar að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024:

- Fjallabyggð.
- Dalvíkurbyggð.
- Hörgársveit.
- Akureyrarkaupstaður.
- Eyjafjarðarsveit.
- Svalbarðsstrandarhreppur.
- Grýtubakkahreppur.



Mynd 2.1 Sveitarfélög á skipulagssvæðinu.

2.2 SKIPULAGSVINNAN

Vorið 2008 var gerður verksamningur við Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og féлага ehf. um skipulagsráðgjöf og að Árni Ólafsson arkitekt ynni að gerð skipulagsins með svæðisskipulagsnefndinni.

Svæðisskipulagsnefndin hefur unnið að stefnumörkun fyrir verkið en einnig hafa verið unnar áfangaskýrslur um einstaka efnisþætti, þar sem gerð er grein fyrir forsendum og stefnu- og skipulagskostum og þeir bornir saman og metnir miðað við tiltekna umhverfisþætti.

Lýsing í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 var auglýst og kynnt almenningi og sveitarstjórnnum haustið 2011. Í henni voru kynnt drög að stefnu samvinnu-nefndarinnar þar sem fram komu megináherslur hennar. Nokkrar athugasemdir bárust sem gáfu tilefni til endurskoðunar nokkurra þátta auk þess sem umfjöllun um flugmál og meðhöndlun úrgangs var bætt inn. Endurskoðuð lýsing var send sveitarstjórnnum og öðrum umsagnaraðilum að nýju til samþykktar í febrúar 2012.

2.3 HELSTU FORSENDUR

Í fylgiritinu *Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012 – 2024, helstu forsendur*, dags. 9. september 2013, er gerð grein fyrir helstu forsendum, staðháttum og tengslum við aðrar áætlanir og stefnumið stjórnvalda. Þar er einnig gerð grein fyrir því hvaða áhrif Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018 og niðurfelling þess hafði á skipulagsvinnuna.

2.4 VIÐFANGSEFNI SVÆÐISSKIPULAGSINS

Í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 (SSEY-12) er sett fram sameiginleg stefna aðildarsveitarfélaganna um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaganna. Skipulagstillagan er unnin með samanburði skipulagskosta m.t.t. umhverfis og samfélags í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlaða (UMÁ). Stefna og skipulagsákvæði eru almenn og kalla í öllum tilvikum á ítarlegri stefnu og útfærslu í aðalskipulagi sveitarfélaga og frekara mat á áhrifum þar sem það á við.

Eftirtaldir efnisþættir eru teknir til umfjöllunar í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024:

- a) **Almenn stefna um byggðaþróun.**
- b) **Samgöngur:**
 - **Vegamál (jarðgöng).**
 - **Hafnamál (vöruhafnir).**
 - **Flugmál (Akureyrarflugvöllur).**
- c) **Iðnaðarsvæði.**
- d) **Stefna um nýtingu landbúnaðarlands.**
- e) **Efnistökusvæði.**
- f) **Vatnsverndarsvæði.**
- g) **Meðhöndlun úrgangs.**
- h) **Strandsvæði Eyjafjarðar, flokkun.**
- i) **Veitukerfi: Flutningslínur raforku.**

Efnisþáttunum er skipað í eftirtalda kafla:

- **Byggðaðróun og byggðamynstur.**
- **Landnotkun.**
- **Samgöngu- og þjónustukerfi.**
- **Takmörkun á landnotkun.**

Ákvæði svæðisskipulagsins felast í stefnu um þá efnisþætti sem fjallað er um. Staðbundin ákvæði um landnotkun eru einungis sett um stór iðnaðarsvæði utan þéttbýlis, nýjar hafnir yfir ákveðnum stærðarmörkum utan þéttbýlis og áform um ný jarðgöng auk ákvæða um

vatnsverndarsvæði og flokkun sjávar. Gerð er grein fyrir legu/staðsetningu staðbundinna ákvæða með viðeigandi nákvæmni á uppdráttum í greinargerð þessari.

Svæðisskipulagi þessu er ætlað að marka stefnu um byggðapróun og tiltekna og afmarkaða þætti landnotkunar. Sjónum er beint að þessum tilteknu þáttum og tekið mið af öðrum málaflokkum eftir því sem við á hverju sinni, en ekki lagt í allsherjargreiningu eða alhliða stefnumótun, sem nær til allra þátta samfélagsins. Hver þáttur svæðisskipulagsins snertir flesta þætti samfélagsins beint eða óbeint á sama hátt og allir málaflokkar í stjórn, rekstri og skipulagi sveitarfélaganna eru öðrum háðir.

Svæðisskipulagsnefnd leggur áherslu á að Eyjafjörður sé eitt atvinnusvæði. Nefndin bendir á mikilvægi þess að unnið verði að viðtækri atvinnuþróunaráætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið en telur það ekki vera á verksviði sínu.

Ekki er talin ástæða til þess að merkja náttúruvinnusvæði í svæðisskipulagi þar sem umfjöllun og ákvarðanatáka um náttúruvernd er hjá viðkomandi sveitarstjórnnum annars vegar og hjá Umhverfisstofnun og Alþingi hins vegar.

2.5 UMHVERFISMAT ÁÆTLUNARINNAR

Stefna svæðisskipulagsins og skipulagsákvæði eru unnin með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana eftir því sem við á. Gerð er grein fyrir áhrifamatinu í fylgiskjali með skipulagsgreinargerð þessari, *Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024, umhverfisskýrsla*, dags. 9. september 2013.

2.6 FRAMFYLGD SKIPULAGSINS

Svæðisskipulaginu er ætlað að stuðla að samræmi í áætlunum sveitarfélaganna með sameiginleg markmið að leiðarljósi. Þau sveitarfélög, sem aðild eiga að svæðisskipulaginu, eru bundin af stefnu þess við gerð aðalskipulags (skipulagslög nr. 123/2010, 25.gr.). Í grófum dráttum má líta á hlutverk eða stöðu þeirra, sem svæðisskipulagið snertir, á eftirfarandi hátt:

- Hlutverk **Svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar** er auk þess að vinna tillögu að svæðisskipulagi að sjá um framfylgd þess og breytingar á því í samræmi við 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðisskipulagsnefnd er umsagnaraðili um breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaga og getur þannig fylgst með og stuðlað að því að markmiðum svæðisskipulagsins verði framfylgt.
- **Sveitarstjórnnum** ber að sjá til þess að aðalskipulag sveitarfélaga verði í samræmi við svæðisskipulagið. Sveitarfélög geta haft frumkvæði að áætlanagerð og rannsóknnum. Fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna sér um úrgangsmeðhöndlun og stefnumótun á því sviði.
- **Opinberar stofnanir og fyrirtæki** taka mið af ákvæðum og áætlunum svæðisskipulagsins á sínu sviði þannig að áætlanir þeirra verði í samræmi við staðfest skipulag.
 - Hlutverk **Umhverfisstofnunar** er að vinna tillögur um vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög að höfðu samráði við vatnasvæðisnefndir og ráðgjafarnefndir sbr. lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
 - **Vegagerðin** tekur mið af skipulagsáætlunum við áætlanagerð um endurbætur á stofnvegakerfi svæðisins (jarðgöng).
 - **Landsnet** tekur mið af skipulagsáætlunum við áætlanagerð um flutningslínur raforku.
- Hlutverk **almennings** er að fylgjast með gerð og framgangi svæðisskipulagsins og nýta umsagnarrétt sinn til þess að hafa áhrif á stefnu sveitarfélaganna.

- Hlutverk **atvinnulífsins** er að fylgjast með gerð og framgangi svæðisskipulagsins og nýta umsagnarrétt sinn til þess að hafa áhrif á stefnu sveitarfélaganna.
- Hlutverk **Alþingis** er að taka mið af sameiginlegri stefnu sveitarfélaganna í svæðisskipulagi, m.a. í samgöngumálum, við áætlanagerð og fjárlagagerð.

Miðað er við að þau verkefni og verkþættir sem ekki eru tímasettir í skipulaginu eða í lögum og reglugerðum verði unnir eða ákvarðaðir á skipulagstímabilinu.

3 STEFNA

3.1 LEIÐARLJÓS

- Eyjafjarðarsvæðið verði öflug heild í heilnæmu umhverfi með traustu atvinnulífi, sterkum innviðum og fjölbreyttum búsetukostum. Íbúar hafi jöfn tækifæri til að nýta sér kosti og möguleika svæðisins, óháð búsetu, en það stuðlar að samkennd þeirra.

3.2 BYGGÐAÞRÓUN OG BYGGÐAMYNSTUR

MARKMIÐ

- Stefnt er að góðum búsetuskilyrðum og fjölbreyttum búsetukostum á skipulagssvæðinu.
- Stefnt er að hagkvæmu byggðamynstri.
- Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra þéttbýlisstaða.
- Eyjafjörður skal vera eitt atvinnusvæði.

- Leggja skal áherslu á hagkvæmt byggðamynstur sem dregur úr þörf fyrir bílaumferð og bætur forsendur fyrir almenningsamgöngur svo og gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Taka skal mið af markmiðum um varðveislu góðs landbúnaðarlands við staðarval og skipulag byggðar.
- Íbúðarbyggð í dreifbýli, smábýli og búgarðabyggð, er háð skilgreiningu í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Tilgangur með gerð svæðisskipulagsins er að stuðla að því að byggðamynstur í Eyjafirði verði hagkvæmt í fjárhagslegu og rekstrarlegu tilliti, sem er ein forsenda góðra búsetuskilyrða á svæðinu. Byggingarsvæði eru ekki skilgreind á skipulagsupprætti svæðisskipulagsins.

Lögd er áhersla á að ný íbúðarbyggð tengist beint þeirri byggð sem fyrir er. Sú byggð er að jafnaði hagkvæmust þar sem þjónustukerfi nýtist vel og íbúar njóti nálægðar við verslun og þjónustu, skóla og heilsugæslu. Auðvelt er að þjóna þéttbýli með almennings-samgöngum, bæði innanbæjar og milli staða. Þéttbýlið er því hagkvæmt í uppbyggingu og rekstri auk þess sem í því felst búsetuumhverfi, sem svarar vel félagslegum þáttum og þörfum.

Íbúðarbyggð í dreifbýli, smábýli og búgarðabyggð er búsetuform með sérstaka eiginleika, sem ekki verður náð með góðu móti í þéttbýli. Slík byggð verður skilgreind í aðalskipulagi sveitarfélaga þar sem aðstæður leyfa m.t.t. náttúruverndar, nýtingar landbúnaðarlands og rekstrarþátta sveitarfélagsins. Gæta skal umhverfissjónarmiða og leitast við eftir því sem kostur er að tryggja góðar samgöngur og hagkvæman rekstur þjónustukerfa.

Gert er ráð fyrir framtíðarvexti Akureyrar út með vesturströnd Eyjafjarðar og skal taka mið af því við skipulag og uppbyggingu á svæðinu.

3.3 LANDNOTKUN

Í svæðisskipulaginu felst almenn stefna um efnistökusvæði og nýtingu landbúnaðarlands sem síðan skal útfærð með afmörkun og ákvæðum í aðalskipulagi. Afmörkun landnotkunarreita og ákvæði um þá eru að öðru leyti viðfangsefni í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Staðbundin ákvæði um landnotkun eru sett um stór iðnaðarsvæði utan þéttbýlis og nýjar hafnir yfir ákveðnum stærðarmörkum utan þéttbýlis sbr. kafla 3.3.2 og 3.4.2. Afmörkun svæða og flatarmál verður ákvarðað á lægra skipulagsstigi (aðalskipulag, deiliskipulag).

3.3.1 LANDBÚNAÐUR

MARKMIÐ

- Landnýting skal vera í samræmi við landkosti þannig að tryggt verði svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

- Í aðalskipulagi sveitarfélaga verði ákvæði um nýtingu landbúnaðarlands útfærð nánar í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins.

Ákvæði um varðveislu landbúnaðarlands eru nú þegar í aðalskipulagi nokkurra sveitarfélaga. Í góðu landbúnaðarlandi liggja framtíðarverðmæti, bæði gagnvart atvinnulífi, heilbrigði þjóðarinnar og öryggi.

Ákvæði um að gott landbúnaðarland sem hentar vel til búvöruframleiðslu skuli varðveitt til þeirra nota í framtíðinni eru í samræmi við meginmarkmið jarðalaga. Ákvæðið styður því við markmið stjórnvalda um nýtingu landbúnaðarlands.

3.3.2 IÐNAÐARSVÆÐI

MARKMIÐ

- Stuðlað skal að uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar í Eyjafirði.
- Stóriðjuverður ekki reist í Eyjafirði á skipulagstímabilinu.

- Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur stórum iðnaðarsvæðum (stærri en 50 ha.) utan þéttbýlis í Eyjafirði, þ.e. á Árskógssandi og Dysnesi.
- Ný iðnaðarsvæði 50 ha. og stærri utan þéttbýlis krefjast breytingar á svæðisskipulagi.

Undanfarinn áratug hafa áherslur í atvinnumálum breyst nokkuð m.a. vegna áforma um uppbyggingu stóriðju við Húsavík. Afmörkun iðnaðarsvæðisins við Dysnes hefur verið breytt í Aðalskipulagi Arnarneshrepps (nú Hörgársveitar) frá því sem áður var í svæðis- og aðalskipulagi þannig að þar er nú gert ráð fyrir um 59 ha. athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæði. Skammt sunnan Dysness eru Hörgárósar, sem eru á Náttúruminjaskrá.

Leggja iðnaðarsvæðanna á Árskógssandi og Dysnesi er sýnd á upprætti 3.3. Á Dysnesi verður einnig hafnarsvæði sbr. 3.4.2. Samræming og samþætting landnotkunar þar (iðnaðarsvæði – hafnarsvæði) verður skilgreind í aðalskipulagi og deiliskipulagi.

3.3.3 EFNISTÖKUSVÆÐI


MARKMIÐ

- Tryggja skal framboð jarðefna af viðeigandi gæðum til mannvirkjagerðar á skipulagssvæðinu.
- Efnistöku skal haga þannig að neikvæð áhrif hennar á náttúrufar, landslag og lífsgæði verði í lágmarki.
- Náttúruminum, landslagi og útivistarsvæðum, sem eru mikilvæg vegna lífríkis, jarðmyndana, yfirbragðs landsins eða útivistargildis, skal forðast að raska með efnistöku.

- Gæta skal fyllstu hagsýni í nýtingu jarðefna t.d. með því að efnisgæði hæfi viðkomandi framkvæmd.
- Meta skal almenna hagsmuni svo sem hagkvæmni, náttúruverndarsjónarmið, menningarminjar, nálægð við íbúðarbyggð og áhrif á aðra atvinnustarfsemi við ákvörðun um ný efnistökusvæði.
- Þar sem þess er kostur skal lögð áhersla á nýtingu endurnýjanlegra efnisnáma.
- Efnistökuþöguleikar á hafsbotni Eyjafjarðar og áhrif efnistöku verði rannsakaðir m.t.t. efnisnáms til framtíðar.

Uppbygging og viðhald mannvirkja, sem nauðsynleg eru í byggð og samfélagi, krefst aðgangs að jarðefnum með hentuga eiginleika. Afla þarf jarðefna til húsbygginga, vegagerðar og annarra mannvirkja s.s. hafna og brimvarna. Efnisnám getur haft í för með sér varanlegar breytingar á landslagi og náttúrufari en einnig eru til námur, sem endurnýjast á lengri eða skemmri tíma. Nauðsynlegt er að hafa langtímasjónarmið í huga við skipulag efnistöku og horfa jafnvel aldir fram í tímann.

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR
2012-2024
3.3 Landnotkun



Uppdráttur 3.3 Landnotkun.

3.4 SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI

Í svæðisskipulaginu felst almenn stefna um samgöngukerfi auk staðbundinna ákvæða um jarðgöng og hafnir yfir ákveðnum stærðarmörkum. Einnig eru sett fram markmið um meðhöndlun úrgangs og legu flutningslína raforku.

3.4.1 VEGAKERFI

MARKMIÐ

- **Áhersla er lögð á góðar og öruggar vegasamgöngur innan svæðis og við aðra landshluta.**
 - Gert er ráð fyrir jarðgöngum úr Burstabrekkudal í Ólafsfirði í Karlsárdal utan Dalvíkur (A).
 - Gert er ráð fyrir jarðgöngum undir Bakkaselsbrekku (B).
 - Gert er ráð fyrir jarðgöngum milli Siglufjarðar og Fljóta (C).
 - Göngu- og hjólaleiðir verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Samræmingar verði gætt í aðalskipulagi sveitarfélaganna.
 - Reiðleiðir (stofnleiðir) verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Samræmingar verði gætt í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Í svæðisskipulaginu er fjallað um meginatriði samgöngumála en ekki útfærslu eða nákvæma staðsetningu. Nánari útfærsla jarðganga, lega eða lengd, verður skilgreind í aðalskipulagi sveitarfélaga og deiliskipulagi viðkomandi framkvæmdar í samræmi við megindrætti svæðisskipulagsins. Nýjum jarðgöngum fylgja breytingar á stofnvegum, sem sýndar eru á uppdrætti í grófum dráttum. Breytingar á stofnvegkerfi eru að öðru leyti skilgreindar í aðalskipulagi sveitarfélaga. Jarðgöng milli Siglufjarðar og Fljóta eru að hálfu utan skipulagssvæðis og er gert ráð fyrir þeim í Aðalskipulagi sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Núverandi vegakerfi og jarðgöng auk nýrra jarðganga eru sýnd á uppdrætti 3.4.

Reiðleiðir og göngu- og hjólaleiðir eru ekki sýndar á skipulagsuppdrætti svæðisskipulagsins. Reiðleiðir í Ólafsfjörð og Siglufjörð verða merktar slóðir um fjallendi.

3.4.2 HAFNIR

MARKMIÐ

- **Stefnt er að því að í Eyjafirði verði áfram öflugar hafnir sem þjóna þörfum svæðisins.**
 - Gert er ráð fyrir vöruhöfn í tengslum við athafna- og iðnaðarsvæði á Dysnesi.
 - Nýjar hafnir utan þéttbýlisstaða, sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, skulu skilgreindar í svæðisskipulagi.

Sú fjölbreytta hafnarstarfsemi, sem nú er á skipulagssvæðinu, er að öllu leyti á hafnar-svæðum þéttbýlisstaðanna. Áframhaldandi uppbygging og þróun þeirra verður í samræmi við aðalskipulag og deiliskipulag hvers sveitarfélags, óháð svæðisskipulagi.

Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir einu hafnarsvæði utan þéttbýlis (á Dysnesi). Önnur ný stór hafnarsvæði utan þéttbýlis krefjast breytingar á svæðisskipulagi þar sem gerð þeirra og rekstur hefur áhrif á svæðið í heild, t.d. hvað varðar ásýnd, auðlindanýtingu, náttúruvernd og umferð. Skammt sunnan Dysness eru Hörgárósar, sem eru á Náttúru-minjaskrá.

3.4.3 FLUGMÁL

MARKMIÐ

- **Tryggja skal stöðu Akureyrarflugvallar sem millilandaflugvallar og miðstöðvar flugsamgangna á Norðurlandi.**

- - - - -

- Mannvirkjagerð allri skal haga þannig að flugöryggi verði ekki skert á neinn hátt og Akureyrarflugvöllur geti ætíð staðist þær öryggiskröfur sem gerðar eru til millilandaflugvallar að teknu tilliti til landslags og legu.

Akureyrarflugvöllur gegnir mikilvægu hlutverki sem miðstöð flugsamgangna á Norðurlandi. Það á bæði við um innanlandsflug, sem tryggir Eyjafjarðarsvæðinu góðar samgöngur við höfuðborgina, og millilandaflug, sem m.a. felur í sér sóknarfæri í atvinnulífi svæðisins s.s. í ferðaþjónustu. Mikilvægt er að sveitarfélög við Eyjafjörð standi þétt saman um hagsmuni Akureyrarflugvallar og þýðingu Reykjavíkurflugvallar fyrir virkar og hagkvæmar samgöngur og örug tengsl Norðurlands við þungamiðju verslunar, þjónustu, menningarstarfsemi og stjórnsýslu landsins.

3.4.4 FLUTNINGSLEIÐIR RAFORKU

MARKMIÐ

- **Tryggja skal flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta til þess að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir nægri orku til daglegra nota.**
- **Legu og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.**

Fyrir liggja drög að legu nýrra flutningslína (132 kV og hærri spennu). Unnið er að stefnumótun á landsvísu um kosti við gerð flutningslína raforku og áhættugreiningu m.t.t. flugöryggis á Akureyrarflugvelli. Stefnt er að því að flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærri spennu verði skilgreindar í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu þeirra og gerð í svæðisskipulaginu í heild. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024. Skilgreindar flutningsleiðir raforku í gildandi aðalskipulagi hvers sveitarfélags halda gildi sínu þar til ákvörðun er tekin um breytingar.

Núverandi flutningslínur raforku eru sýndar á uppdrætti 3.4.

3.4.5 MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

MARKMIÐ

- **Sveitarfélögin skulu efla sameiginlegan vettvang úrgangsmeðhöndlunar með hagkvæmni og umhverfisvernd að leiðarljósi og leitast við að samræma vinnubrögð og rekstur á því sviði.**
- **Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Eyjafjarðarsvæðið skulu vera ákvæði um alla þætti úrgangsmeðhöndlunar, auk ákvæða um ráðstafanir til að lágmarka magn úrgangs til förgunar.**


Svæðisáætlun er lögbundin (bindandi) sameiginleg áætlun sveitarfélaga um úrgangsmeðhöndlun samkvæmt markmiðum laga og reglna, þ.á.m. ákvæðum Landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs.

Flokkun Eyjafjörður ehf., sem er úrgangsstjórnunarfyrtæki sveitarfélaganna í Eyjafirði, hefur verið falið það verkefni að gera svæðisáætlun fyrir hönd sveitarfélaganna. Fleiri sveitarfélög á Norðurlandi munu einnig eiga aðild að gerð svæðisáætlunarinnar.

Í gildi er samningur um urðun óflokkaðs úrgangs af Eyjafjarðarsvæðinu á urðunarstaðnum í Stekkjarvík skammt frá Blönduósi. Sá samningur gildir til ársloka 2020. Nauðsynlegt er að í svæðisáætluninni um meðhöndlun úrgangs verði m.a. ákvæði um

hvernig háttað verði ráðstöfun óflokkaðs úrgangs frá Eyjafirði að loknum gildistíma sammingsins.

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR
2012-2024
3.4 Samgöngu- og þjónustukerfi



Uppdráttur 3.4 Samgöngu- og þjónustukerfi.

3.5 TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

3.5.1 VATNSVERNDARSVÆÐI

MARKMIÐ

- Íbúum og atvinnulífi á skipulagssvæðinu skal tryggður aðgangur að nægu og góðu neysluvatni.

- Tryggt skal að neysluvatni og möguleikum á öflun þess verði ekki spillt með mannvirkjagerð eða öðrum athöfnum.

Nokkur fjarsvæði vatnsbóla ná yfir sveitarfélagamörk auk þess sem vatnsverndarsvæði í einu sveitarfélagi geta nýst því næsta. Ákvæði svæðisskipulagsins eiga við heildarafmörkun vatnsverndar (með fjarsvæðum, grannsvæðum og brunnsvæðum). Mörk grannsvæða og brunnsvæða verða ákvörðuð í aðal- eða deiliskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Vatnsverndarsvæði eru sýnd á upprætti 3.5.

3.5.2 STRANDSVÆÐI EYJAFJARÐAR, FLOKKUN VATNS.

MARKMIÐ


- Stefnt skal að því að gæði sjávar við strendur Eyjafjarðar verði í hæsta flokki (flokkur A) miðað við ákvæði reglugerða.
- Stefnt skal að því að ár og vötn verði í flokki A (ósnortið vatn) miðað við flokkun í 9. gr. reglugerðar nr. 796/1999.

- Eyjafjörður verði skilgreindur sem „síður viðkvæmur viðtaki“ fráveitu miðað við skilgreiningar í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 en Pollurinn innan Oddeyrartanga verði þó skilgreindur sem „viðkvæmur viðtaki“.
- Unnin verði vöktunaráætlun undir stjórn Umhverfisstofnunar fyrir 2015 í samræmi við lagaákvæði þar sem m.a. verði gerð grein fyrir mælingum og tíðni þeirra.

Svæðisskipulagsnefnd mun í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra leggja tillögu um flokkun sjávar í Eyjafirði sem viðtaka fyrir Umhverfisstofnun til yfirferðar og staðfestingar.

Flokkun sjávar sem viðtaka skólps er sýnd á upprætti 3.5.

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR
2012-2024
3.5 Takmörkun á landnotkun



Uppdráttur 3.5 Takmörkun á landnotkun.

4 SAMANTEKT UMHVERFISSKÝRSLU

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 (SSEY-12) nær til allra sveitarfélaganna við Eyjafjörð að frádregnum þeim hluta Eyfjarðarsveitar, sem fellur undir svæðisskipulag miðhálandisins. Gerð er grein fyrir skipulagssvæðinu og skipulagsvinnunni í 2. kafla. Helstu forsendur skipulagsins eru tilgreindar í fylgiritinu *Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012 – 2024, helstu forsendur, 9. september 2013*.

Í svæðisskipulaginu er mótuð stefna um tiltekna efnisþætti sbr. kafla 2.4. Þar á meðal eru þættir og framkvæmdir, sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Í umhverfisskýrslu svæðisskipulagsins (maí 2013) er eftir því sem við á gerð grein fyrir þeim skipulagskostum sem fjallað var um við gerð skipulagsins svo og mati á líklegum áhrifum þeirra á umhverfi og samfélag í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Umhverfisáhrif einstakra framkvæmda verða metin þegar þar að kemur. Líkleg áhrif af framfylgd svæðisskipulagsins eru eftirfarandi:

BYGGÐAÞRÓUN

Líklegt má telja að stefna um byggðaðróun og byggðamynstur sem felur í sér áherslu á núverandi þéttbýli hafi jákvæði áhrif á samfélag, atvinnulíf og þjónustukerfi. Áhersla á byggð í dreifbýli er hins vegar talin hafa slæm eða neikvæð áhrif á þá þætti. Áhrif stefnuleysis eru talin óviss.

LANDNOTKUN

Stefna um varðveislu góðs landbúnaðarlands er talin styrkja búsetulandslag Eyjafjarðar og hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf, heilsu og öryggi auk þess að styðja við áætlanir á landsvísu og markmið laga. Viss sóknarfæri í öðrum atvinnugreinum en landbúnaði gætu fengist ef ekki yrði stefnt að varðveislu góðs landbúnaðarlands en slík stefna gæti skert möguleika á framleiðslu búvara auk þess sem hún væri ekki í samræmi við markmið laga.

IÐNAÐARSVÆÐI

Skipulag stórra iðnaðarsvæða utan þéttbýlis (á Árskógssandi og Dysnesi) getur haft jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu á svæðinu og haft í för með sér ákveðin samlegðaráhrif með öðrum greinum. Uppbyggingin takmarkar nýtingu ræktanlegs lands á viðkomandi svæði. Án iðnaðarsvæða verður engin eða minni iðnaðaruppbygging utan þéttbýlis. Uppbygging svæðanna tveggja mun ekki hafa áhrif á náttúruverndarsvæði. Það eru taldir sameiginlegir hagsmunir sveitarfélaganna á Eyjafjarðarsvæðinu að gefa kost á uppbyggingu iðnaðarsvæðanna.

EFNISTÖKUSVÆÐI

Í svæðisskipulagstillögunni er sett fram almenn stefna um nýtingu jarðefna. Ákveðin efnistökusvæði verða ekki skilgreind í svæðisskipulagi. Í umhverfisskýrslu er settur fram einfaldaður samanburður þeirra efnistökmöguleika, sem kunna að vera á svæðinu samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar er í grófum dráttum lagt mat á hugsanleg áhrif þeirra á umhverfi og samfélag. Ákvörðun einstakra efnistökusvæða verður í aðalskipulagi sveitarfélaga á grundvelli mats á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

VEGAKERFI

Við vinnslu skipulagsins voru skoðaðir möguleikar á gerð jarðganga milli Fljóta og Siglufjarðar, milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur (ný göng og endurbætt) og á Öxnadalshéiði (löng göng og Bakkaselsgöng).

Áhrif á samfélag eru margvísleg og fyrst og fremst jákvæð þegar leiðir milli þéttbýlisstaða eru stytta og gerðar öruggar. Áhrif á umhverfið eru annars vegar sýnileiki mannvirkja (vega og gangamunna) og hins vegar hugsanleg áhrif á náttúrufar, vistkerfi eða auðlindir. Gangagerð getur t.d. haft áhrif á jarðvatnsstreymi og þar með vatnsból eða

vatnsbúskap. Jarðefni, sem út úr göngunum koma, verða nýtt annað hvort jafn óðum við tilheyrandi framkvæmdir eða á ákveðnu tímabili til annarra framkvæmda.

Jarðgöng innan skipulagssvæðisins rekast ekki á ákvæði um náttúruvernd. Þau verða öll utan náttúruverndarsvæða. Fjalllendi Tröllaskaga er á Náttúruminjasrá sem felur í sér varúðarsjónarmið.

Samgöngubætur með jarðgöngum munu hafa jákvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf. Verði ekki af slíkum endurbótum á samgöngukerfi munu íbúar búa áfram við erfiðar vetrarsamgöngur og talsvert óöryggi á vissum leiðum vegna skriðu- og snjóflóðahættu.

Á grundvelli samanburðar ólíkra kosta er í svæðisskipulaginu gerð tillaga um þrenn ný jarðgöng á svæðinu.

HAFNIR

Höfn á Dysnesi mun hafa staðbundin neikvæð áhrif á náttúruferðir en er utan náttúruverndarsvæða. Landfyllingar og hafnarmannvirki munu hafa áhrif á ásýnd lands og strandar. Helstu áhrif af starfsemi eru sjónræn. Uppbygging hafnar er talin geta haft jákvæð áhrif á atvinnulíf og ákveðin samlegðaráhrif og er því gert ráð fyrir vörðhöfn á Dysnesi.

FLUGMÁL

Samvinnunefnd telur að nauðsynlegt sé að sveitarfélögin á svæðinu setji fram almenn markmið um Akureyrarflugvöll, hlutverk hans og aðstöðu. Slík markmið koma ekki fram í stefnu rekstraraðila og yfirstjórnar flugmála.

Markmiðssetning svæðisskipulagsins á ekki við framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið. Umhverfisáhrif markmiðssetningar voru ekki metin sérstaklega.

FLUTNINGSLEIÐIR RAFORKU

Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu og gerð flutningslína raforku í svæðisskipulagi umfram það sem þegar er staðfest í aðalskipulagi sveitarfélaga. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.

Stefnt er að samanburði skipulagskosta út frá áhættugreiningu, umhverfissjónarmiðum og ólíkum lausnum. Sá samanburður verður unninn þegar forsendur liggja fyrir. Niðurstaða verður færð inn í svæðisskipulag með formlegri skipulagsbreytingu.

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Skýr ákvæði eru um tilhögun áætlunargerðar um úrgangsmál í lögum um meðhöndlun úrgangs. Umhverfismat valkosta eða skipulagskosta á heima í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sem unnið er að fyrir skipulagssvæðið.

Í svæðisskipulaginu eru sett almenn markmið um samvinnu og samræmingu með vísan í svæðisáætlunina.

VATNSVERNDARSVÆÐI

Ekki er talin ástæða til breytinga á afmörkun vatnsverndarsvæða frá eldri og gildandi skipulagsáætlunum að svo stöddu.

Ekki er þörf á samanburði ólíkra skipulagskosta. Markmið eru almenns eðlis og tilgangur þeirra augljós m.t.t. almannahagsmuna auk þess sem skipulagsákvæði fela ekki í sér breytingar frá gildandi áætlunum.

STRANDSVÆÐI EYJAFJARÐAR, FLOKKUN VATNS

Gæði sjávar við strendur Eyjafjarðar, t.d. við þéttbýlisstaði, svo og vatnsgæði vatnsfalla og stöðuvatna skipta máli fyrir atvinnulíf og íbúa. Tillaga um flokkun er lögð fram án sérstaks mats á umhverfisáhrifum stefnunnar. Markmiðin eru talin augljóslega til

hagsbóta fyrir umhverfi, íbúa og atvinnulíf. Ekki er talin þörf á sérstökum samanburði skipulags- eða stefnukosta.

FRAMFYLGD OG VÖKTUN

Í kafla 2.6 er gerð grein fyrir framfylgd svæðisskipulagsins.

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktunaráætlun vegna þeirra atriða, sem tilgreind eru í svæðisskipulaginu. Ákvæði um eftirlit og vöktun verða hluti þeirra áætlana, sem unnar verða í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins þar sem það á við.

VÖKTUN OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Vöktun mikilvægustu umhverfisþátta fer fram með reglubundnum hætti á vegum lögboðinna eftirlitsaðila. Þannig fylgist Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra með vatnsgæðum í ám, vötnum og vatnsbólum svo og fráveitumálum eftir ákveðinni áætlun. Heilbrigðiseftirlitið fylgist einnig með allri starfsemi sem er starfsleyfisskyld og starfsemi sem getur haft neikvæð áhrif á umhverfi sitt.

Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir að unnin verði vöktunaráætlun undir stjórn Umhverfisstofnunar fyrir 2015 í samræmi við lagaákvæði þar sem m.a. verði gerð grein fyrir mælingum og tíðni þeirra.

Vöktun og mótvægisáðgerðir vegna nýrra framkvæmda eða starfsemi verða ákveðnar með mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar eða starfsemi eftir því sem við á og skilgreindar nánar í framkvæmdaleyfum viðkomandi framkvæmda.

NIÐURSTAÐA

Líklegt er að heildaráhrif af sameiginlegri stefnu sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu um þá málaflokka, sem svæðisskipulagið nær til, hafi jákvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf. Þeir framkvæmdaþættir, sem kunna að hafa neikvæð áhrif á umhverfið, verða metnir sérstaklega m.t.t. umhverfisáhrifa eftir því sem við á. Hugsanleg neikvæð áhrif framkvæmda við grunnkerfi samfélagsins s.s. vegi og hafnir eru vegin upp af jákvæðum áhrifum á samfélag og atvinnulíf svæðisins.

5 SKIPULAGSFERLI

5.1 YFIRLIT

Lýsing skipulagsverksins sbr. 1. mgr. 23. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var auglýst haustið 2011 og send umsagnaraðilum og sveitarstjórnunum. Endurskoðuð lýsing var send sveitarstjórnunum í febrúar 2012. Afstaða sveitarfélaganna lá fyrir í júní 2012.

Kynning, auglýsing og afgreiðsla tillögu þessarar var samkvæmt 23., 24. og 25. gr. skipulagslaga nr 123/2010.

Verkafangar við umfjöllun, auglýsingu og samþykkt skipulagstillögunnar voru:

- Svæðisskipulagsnefnd gengur frá tillögu að svæðisskipulagi.
- Almennur kynningarfundur: Tillaga, forsendur og umhverfismat.
- Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar.
- Tillaga send sveitarstjórnunum til samþykktar.
- Tillaga send Skipulagsstofnun til yfirferðar.
- Tillaga auglýst. 6 vikna athugasemdafrestur.
- Umfjöllun svæðisskipulagsnefndar um athugasemdir.
- Skipulagstillaga afgreidd í sveitarstjórnunum. Tillagan send svæðisskipulagsnefnd.
- Svæðisskipulagsnefnd sendir tillöguna til Skipulagsstofnunar og auglýsir niðurstöðu.
- Staðfesting Skipulagsstofnunar.
- Auglýsing um gildistöku.

Umsagnaraðilar voru:

- Aðliggjandi sveitarfélög.
Þingeyjarsveit
Akrahreppur
Sveitarfélagið
Skagafjörður.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Flugmálastjórn
- Siglingastofnun.
- Vegagerðin.
- Landsnet.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

5.2 KYNNING OG AUGLÝSING

Almennur kynningarfundur var haldinn á Akureyri 9. janúar 2013.

Almennur kynningarfundur var haldinn á Ólafsfirði 10. janúar 2013.

Tillaga Svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 var lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar í janúar 2013. Öll aðildarsveitarfélög samþykktu tillöguna til auglýsingar. Að ábendingu Eyjafjarðarsveitar voru gerðar minni háttar breytingar á umhverfisskýrslu.

Svæðisskipulagsnefnd ákvað 7. mars 2013 að senda Skipulagsstofnun og lögboðnum umsagnaraðilum tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 til athunar sbr. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á fundum 6. maí og 3. júní 2013 gerði svæðisskipulagsnefndin nokkrar lagfæringar á skipulagsgögnum með hliðsjón af ábendingum og athugasemdum umsagnaraðila. Það var mat svæðisskipulagsnefndar að breytingar á skipulagstillögunni gæfu ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar hjá

sveitarstjórnnum og lagði nefndin til að tillagan yrði auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Tillaga samvinnunefndar, dagsett 3. júní 2013, var auglýst 27. júní 2013. Athugasemdafrestur var til 23. ágúst. Athugasemdafrestur var framlengdur til 30. ágúst vegna ágalla á birtingu auglýsinga á vefsvæðum sveitarfélaga.

5.3 ATHUGASEMDIR OG AFGREIÐSLA

Athugasemdir bárust frá þremur aðilum; Landsneti, Sif Konráðsdóttur og Skipulagsstofnun. Svæðisskipulagsnefnd tók athugasemdirnar til umfjöllunar á fundi sínum 9. september 2013 en þær gáfu tilefni til eftirtalinna breytinga á skipulagsgögnum:

1. Texti í 4. kafla umhverfisskýrslu varðandi vöktunaráætlun verður samræmdur stefnu og ákvæðum sem fram koma í kafla 3.5.2.
2. Bætt er við „...“, sjá nánari afmörkun í texta í kafla 13.4.“ í myndatexta við mynd á bls. 76 í forsenduhefti.
3. Í kafla 3.4.4. í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 bætist: Skilgreindar flutningsleiðir raforku í gildandi aðalskipulagi hvers sveitarfélags halda gildi sínu þar til ákvörðun er tekin um breytingar. Orðunum „...í heild...“ er bætt í setninguna „Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu þeirra og gerð í svæðisskipulaginu“ í sama kafla (sbr. athugasemd Landsnets nr. 3.1).

Jafnframt voru gerðar nokkrar minni háttar leiðréttingar á texta. Í kafla 3.4.4 er orðalagi breytt úr „Flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærri spennu skulu skilgreindar í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar“ í „Stefnt er að því að flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærri spennu verði skilgreindar í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar“. Breytingar og leiðréttingar eiga hvorki við meginatriði né stefnu svæðisskipulagsins.

5.4 SAMANTEKT SBR. 9. GR. LAGA NR. 105/2006 UM UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Í 9. gr. laga um umhverfismat áætlana er kveðið á um að eftir afgreiðslu áætlunar skuli þeim, sem fengið hafa tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu til sérstakrar kynningar, kynnt eftirtalin gögn (sbr. lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006):

- a) Endanleg áætlun.
- b) Greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma við tillögu og umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun, í ljósi þeirra valkosta sem skoðaðir voru.
- c) Hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.

SAMANTEKT

- a) Endanleg áætlun samanstendur af greinargerð þessari og fylgiskjölum hennar.
- b) Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir mannvirkjum, sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í umhverfisskýrslu skipulagsins er gerð grein fyrir skipulagskostum, umhverfisþáttum og áhrifum þeirra í grófum dráttum svo og því hvernig tekið er mið af umhverfissjónarmiðum við gerð skipulagsins.

Við gerð skipulagsins voru umhverfissjónarmið, þ.á.m. áhrif á náttúrufar og samfélag, höfð til hliðsjónar á eftirfarandi hátt:

Byggð: Með hliðsjón af félagslegum þáttum og hagkvæmnissjónarmiðum er lögð áhersla á vöxt byggðar innan núverandi þéttbýlisstaða og í tengslum við þá.

Landnotkun, nýting landbúnaðarlands: Stefna um varðveislu góðs landbúnaðarlands styður markmið sem sett hafa verið á efri stjórnáætlunum og tekur mið af hagsmunum einnar af meginatvinnugreinum héraðsins.

Landnotkun, iðnaðarsvæði: Tekið er mið af samfélagslegum ávinningi af uppbyggingu atvinnustarfsemi á svæðinu. Ekki eru tekin verndarsvæði eða svæði sem verðmæt eru vegna náttúrufars undir slíka starfsemi.

Landnotkun, efnistökusvæði: Sett eru skýr markmið um að lágmarka áhrif efnistöku á náttúruferla, landslag og lífsgæði. Lögð er áhersla á hagsýni í nýtingu jarðefna, náttúruverndarsjónarmið og nýtingu endurnýjanlegra efnisnáma.

Samgöngu- og þjónustukerfi, vegakerfi: Áætlunin tekur fyrst og fremst mið af samfélagslegum ávinningi af bættum samgöngum. Áætlaðar framkvæmdir verða ekki á verndarsvæðum en verða háðar mati á umhverfisáhrifum.

Samgöngu- og þjónustukerfi, hafnir: Atvinnuuppbygging á svæðinu styður markmið stjórnvalda, bæði ríkisstjórnar og sveitarstjórna, um eflingu atvinnulífs landsins og héraðsins. Tekið er mið af sameiginlegum hagsmunum atvinnulífs á svæðinu og gert ráð fyrir vöruhöfn á Dysnesi.

Samgöngu- og þjónustukerfi, flugmál: Markmiðssetning á ekki við framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið. Umhverfisáhrif markmiðssetningar voru ekki metin sérstaklega.

Flutningsleiðir raforku: Stefnt er að samanburði skipulagskosta út frá áhættugreiningu, umhverfissjónarmiðum og ólíkum lausnum. Sá samanburður verður unninn þegar forsendur liggja fyrir. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.

Meðhöndlun úrgangs: Sett eru skýr ákvæði um tilhögun áætlunargerðar um úrgangsmál í lögum um meðhöndlun úrgangs. Umhverfismat valkosta eða skipulagskosta á heima í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sem unnið er að fyrir skipulagssvæðið.

Takmörkun á landnotkun, vatnsverndarsvæði: Ekki er þörf á samanburði ólíkra skipulagskosta. Markmið eru almenns eðlis og tilgangur þeirra augljós m.t.t. almannahagsmuna auk þess sem skipulagsákvæði fela ekki í sér breytingar frá gildandi áætlunum.

Takmörkun á landnotkun, strandsvæði Eyjafjarðar, flokkun vatns: Tillaga um flokkun er lögð fram án sérstaks mats á umhverfisáhrifum stefnunnar. Markmiðin eru talin augljóslega til hagsbóta fyrir umhverfi, íbúa og atvinnulíf. Ekki er talin þörf á sérstökum samanburði skipulags- eða stefnukosta.


Við afgreiðslu athugasemda komu ekki fram breytingar eða útfærslur, sem þörf var á að meta sérstaklega m.t.t. umhverfisáhrifa. Meginbreyting við lokafrágang fólst í nánari útskýringum til þess að taka af tvímæli og komast hjá ósamræmi milli skipulagsstiga.

- c) Fjallað er um vöktun umhverfisáhrifa í umhverfisskýrslu og í samantekt í 4. kafla.

5.5 AFGREIÐSLA OG STAÐFESTING

5.5.1 AFGREIÐSLA SVÆÐISSKIPULAGSNEFNDAR

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024, sem auglýst hefur verið skv. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lá frammi til kynningar frá 27. júní 2013 til 30. ágúst 2013 var afgreitt af svæðisskipulagsnefnd 9. september 2013.



formaður svæðisskipulagsnefndar

5.5.2 SAMÞYKKT SVEITARSTJÓRNA

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar 6. nóvember 2013.
Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar 13. nóvember 2013.

F.h Fjallabyggðar




Samþykkt í umhverfisráði Dalvíkurbyggðar 16. október 2013.
Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 29. október 2013.

F.h Dalvíkurbyggðar



Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Hörgársveitar 9. október 2013.
Samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 16. október 2013.

F.h Hörgársveitar




Samþykkt í skipulagsnefnd Akureyrarbæjar 9. október 2013.
Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 15. október 2013.

F.h Akureyrarbæjar




Samþykkt í skipulagsnefnd Eyjafjarðarsveitar 26. september 2013.
Samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 2. október 2013.

F.h Eyjafjarðarsveitar




Samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 12. nóvember 2013.
F.h Svalbarðsstrandarhrepps



Samþykkt í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 7. október 2013.


F.h Grýtubakkahrepps



5.5.3 STAÐFESTING

Svæðisskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun

21.01.2014



Gildistaka Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 var
auglýst í B-deild Stjórnartíðinda